

# STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 1997

---

6. nóvember 1997

1405

Nr. 616

## AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á  
sameiningu Hlíðarhrepps, Jökuldalshrepps og Tunguhrepps.**

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 6. nóvember 1997 staðfest sameiningu Hlíðarhrepps, Jökuldalshrepps og Tunguhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 13. desember 1997.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 27. desember 1997.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. nóvember 1997.*

**Páll Pétursson.**

---

*Sesselja Árnadóttir.*